

AFRÍKA

SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

Ritstjórar:

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir



HÁSKÓLAÚTGÁFAN OG AFRÍKA 20:20

2007

Furðulönd í fjarska

Ímyndir Afríku á Íslandi

Kristín Loftsdóttir

andi áhrif á viðhorf þó að mjög erfitt sé að mæla hve textar og myndmál hafi mikil áhrif á skoðanamyndun, m.a. vegna þess að upplifanir einstaklinga og túlkanir á textunum geta verið mjög ólíkar. Engu að síður má líta svo á að ímynd verði hluti af því félagslega umhverfi sem við búum í, jafnhliða því að félagslegt umhverfi ímyndarinnar sjálfrar sé hluti af henni.

Ímyndir afríksks fólks og samfélags í íslensku samhengi eru augljóslega margvíslegar. Þær má finna í bókum sem fjalla um tiltekin samfélög í Afríku, fréttum frá heimsálfunni og auglýsingum ferðaskrifstofa á ferðum til álfunnar svo að nokkur dæmi séu tekin. Í þessum kafla er leitast við að kanna hvernig ímyndir Afríku birtast á Íslandi, á hvað sé lögð áhersla og hvaða tengsl birtingarmyndirnar hafa við eldri ímyndir álfunnar.

Gagnlegt er að nýta sér það sem fræðimenn hafa rannsakað í nágrannalöndum okkar því að Íslendingar hafa verið undir áhrifum hugmyndastrauma erlendis frá. Margir íslenskir textar, sem fjalla um Afríku, eru byggðir á þýðingu erlendra rita annars staðar frá. Teiknimyndasögur, kvikmyndir og erlendar fréttir hafa t.d. hingað til verið þýddar úr erlendum málum að mestu leyti. Frumsamið, íslenskt efni er einnig fjölbreytt og má sjá tilvísun til álfunnar í skáldsögum, innlendum

Á síðustu árum hefur fólk, upprunnið frá Afríku, í auknum mæli sest að í íslensku samfélagi. Sumir koma og dvelja stutt en aðrir setjast að til langframa. Afríka hefur þó lengi verið hluti af íslenskum veruleika á einn eða annan hátt.

Á Íslandi hafa ímyndir álfunnar og íbúa hennar birst lengi vel í ýmiss konar efni, svo sem myndum, þýddum og frumsömdum textum og öðrum frásögnum. Í slíku efni má sjá nokkra endurspeglun á viðhorfum höfunda þeirra og þannig að einhverju marki viðhorf þess samfélags sem þeir tilheyra. Textar og myndir geta einnig haft mót-



Heimskort Ísidors frá Sevilla sem er eitt hið elsta sem þekkt er. Heiminum er skipt í þrjá hluta og sjá má nöfn afkomenda Nóa við hvern þeirra.

sem hafa rannsakað ímyndir Afríku í Evrópu, hafa bent á að kynþáttafordómar eru mjög ráðandi í viðhorfum fólks til Afríku og hafa þeir gjarnan verið samofnir annars konar fordómum eins og þeirri trú að heimsálfan Afríka ætti sér enga sögu og að fólk í Afríku væri allt mjög svipað í útliti og persónuleika. Til þess að skilja þessa fordóma er gagnlegt að skoða í stuttu máli umfjöllun um Afríku á 19. öld og tilkomu þróunarkenninga og kenningar um aðskiljanlega kynþætti sem talið var að væru byggðar á vísindalegum niðurstöðum.

Þessi kafli fjallar um ímyndir Afríku í slíku sögulega ljósi. Sérstök áhersla er lögð á 19. öld og arfleifð hennar sem hefur haldið áfram að móta sýn okkar á álfuna í samtímanum. Síðan er fjallað um brot af fjölþættum ímyndum Afríku í samtímanum og hvað þessar ímyndir segja um álfuna og fólkið sem þar býr.

Ímyndir Afríku fyrr á öldum

Nokkrir Íslendingar ferðuðust til Afríku fyrr á öldum og skrifuðu um reynslu sína. Árni Magnússon frá Geitastekki var einn af fyrstu Íslendingunum sem kom

fréttum og ferðaauglýsingum. Það má í raun ímynda sér að umfjöllun um Afríku á Íslandi liggi eins og marglitir og misstórir flekkir víða um samfélagið og er markmiðið hér að kortleggja og skoða hluta þeirra. Út frá þessum hluta, sem við þekkjum, reynum við að nokkru leyti að alhæfa um ímyndir álfunnar almennt á Íslandi.

Í stuttu máli má segja að ímynd Afríku í Evrópu hafi sem heild einkennst af fordómum um langa hríð. Vissulega eru til dæmi um hið gagnstæða en neikvæð, fordómafull ímynd hefur verið áberandi. Fræðimenn,

til Afríku og sagði frá upplifun sinni í bókinni *Ferðasaga Árna Magnússonar*. Hann fór til Danmerkur og sigldi víða um höf á árunum 1753-1797, m.a. til Grænhöfðaejja. Árni var 27 ára þegar hann seldi bú sitt, gaf andvirði þess börnum sínum og fór af landi brott. Hann er talinn hafa farið vegna ævintýraþrár en einnig sökum þess að aðstæður á Íslandi voru erfiðar á þessum tíma. Árni fer ekki fallettum orðum um íbúa Grænhöfðaejja heldur segir: „þetta hyski var þjófgefið og morðingjar“ (bls. 81).



Höfuðleysingi sem er svipaður þeim sem lýst er í Hauksbók.

Önnur þekkt frásögn af ferðalagi Íslendinga til Afríku er frásögn séra Ólafs Egilssonar sem var hertekinn í Tyrkjaráninu svokallaða árið 1627 og fluttur ásamt öðrum Íslendingum til norðurafríska ríkisins Alsírs. Ólafur var ásamt nokkrum öðrum keyptur heim og skrifaði þá reisubók þar sem hann lýsir upplifun sinni á því landi sem Íslendingar á þessum tíma kölluðu Barbaríu. Hugtakið er afbökun á Berbería sem vísar til lands berba en berbar eru stór þjóðernishópur í norðurhluta Afríku. Frásögn Ólafs er átakanleg lýsing á reynslu hans og felur einnig í sér áhugaverðar upplýsingar um fólk og samfélag Alsírs á þessum tíma. Hún er vissulega lituð af reynslu Ólafs sem hertekins manns en hann reynir að lýsa Alsírsingum fordómalaust. Frásagnir Árna og Ólafs eru sérstæðar að því leyti að þær eru ritaðar af mönnum sem komið höfðu til álfunnar og lýstu því sem fyrir augu þeirra bar þrátt fyrir að lýsingarnar séu litaðar af viðhorfum þeirra til álfunnar.

Ímyndir Afríku á Íslandi áður fyrr voru þó líklega að mestu leyti byggðar á þýddum eða staðfærðum textum en Afríka kemur víða fyrir í íslenskum heimildum fyrri alda. Oftast er um að ræða texta og lýsingar þeirra sem aldrei höfðu litið

neitt Afríkuríki augum en slíkir textar voru ekki síður mikilvægir í mótun viðhorfa til álfunnar en textar þeirra sem höfðu ferðast þangað. Minnst er á Afríku í þýddum textum og innlendum lærdómsritum svo að nokkur dæmi séu nefnd. Eðli og umfang tilvísunar til álfunnar er mjög misjafnt eins og gefur að skilja með tilliti til mismunandi tilgangs og eðlis textanna sjálfra og einnig miðað við tímann þegar textarnir voru skrifaðir. Á miðöldum var gjarnan vísað til Afríku í samhengi við alls kyns furðuverur en þá var vinsælt í Evrópu að fjalla um ýmiss konar verur af því tagi sem voru samansafn ímyndaðra fyrirbæra og þeirra sem þóttu frábrugðnir á einhvern hátt. Sagnaskrifarar miðalda töldu að þar mætti finna t.d. heilu þjóðir dverga og einfætlinga. Sumar þessara þjóða voru taldar búa í Afríku og á öðrum svæðum, þar sem Evrópubúar þekktu lítið til, eins og á Indlandi.

Biblían var einnig mikilvæg uppspretta upplýsinga um Afríku og til hennar var gjarnan vísað í útskýringum á fjölbreytileika heimsins. Lengi vel var frásögnin af Nóa og þremur sonum hans mjög útbreidd sem útskýring á uppruna fólks á ólíkum stöðum í heiminum. Í Biblíunni segir að synir Nóa, þeir Sem, Kam og Jafet séu forfedur fólks í ólíkum heimshlutum þrátt fyrir að þau hugtök, sem við notum í dag yfir heimsálfur, séu ekki notuð. Biblían segir svo frá að Kam hafi verið bannfærður af föður sínum Nóa og átt að þjóna bræðrum sínum. Eftir að þrælasala Evrópubúa á fólki frá Afríku hófst var þessi frásögn notuð til að réttlæta þrælahaldið á þeirri forsendu að fólk í Afríku væri afkomendur Kams.

Á Íslandi voru íslenskir fræðimenn á miðöldum undir áhrifum frá hugmyndum um Kam sem forföður fólks í Afríku eins og sjá má í *Hauksbók* sem skrifuð var af Hauki Erlendssyni lögmanni sem uppi var á 13. öld. Í umfjöllun *Hauksbókar* segir að Kam „skildi byggja þat land er Africa heitir“ (bls. 165). Ekkert kemur þó fram um húðlit Kams. *Hauksbók* inniheldur einnig frásögur af furðuþjóðum í Afríku, svipaðar þeim sem fundust í Evrópu á sama tíma. Ímynd Afríku var fjölbreytileg á miðöldum og finna má dæmi um að fjallað hafi verið um álfuna á ýmist jákvæðan eða neikvæðan hátt.

Þróunar- og kynþáttahyggja 19. aldar


Á 19. öld mótast hin svokallaða þróunarkenning og kynþáttahyggja en þær kenningar hafa haft mikil áhrif á sýn Evrópumanna á Afríku. Vissulega voru ímyndir álfunnar áfram fjölbreytilegar og margvíslegar en á þessum tíma fór að gæta aukinnar einsleitni enda báðar þessar kenningar settar fram sem vísindalegar

hugmyndir og sem slíkar fólu þær í sér visst forræði og vald til að túlka og útskýra heiminn. Eins og nefnt var hér að framan telja margir fræðimenn að þróunarhyggja og kynþáttahyggja móti enn viðhorf Evrópubúa til Afríku.

Þróunarkenningin gegndi mikilvægu hlutverki í því að móta hugmyndir Vesturlandabúa um annað fólk í heiminum og hjálpa þeim að staðsetja sig sjálfa, miðað við aðra hópa. Evrópubúar höfðu aldirnar á undan kynnst fjölda samfélaga víðs vegar um heim og lagt undir sig heilu heimsálfurnar. Á tímabilinu 1800-1859 var miðpunktur fræðilegrar umfjöllunar um manneskjuna deilur einsköpunar- og fjölsköpunarsinna. Einsköpunarsinnar töldu að uppruni mannsins væri einn og fjölsköpunarsinnar að uppruni manna væri mismunandi. Ein útskýring fjölsköpunarsinna var að Adam væri ein-

ungis forfaðir hluta mannkyns og uppruna annarra manna mætti því rekja til annarra forfedra. Einsköpunarsinnar útskýrðu fjölbreytileika mannkyns út frá því að allt mannkynið hefði komið frá Adam og Evu en liti ekki eins út í dag vegna þess að í gegnum tíðina hefðu breytingar orðið á hinum ýmsu hópum fólks. Oft fylgdi slíkum kenningum sú ályktun að viss úrkynjun hafi átt sér stað hjá fólki með dökkan húðlit vegna erfiðra, vistfræðilegra aðstæðna eða vegna þess að forfaðir þeirra hefði fallið í ónáð hjá Guði. Athugunarvert er að slíkar kenningar gera ráð fyrir því að ljós húðlitur, eða hvítur eins og hann er oft kallaður, sé náttúrulegri og edlilegri á einhvern hátt heldur en dökkur húðlitur sem endurspeglar skýrlega þjóðhverfu Evrópubúa á þeim tíma, en í því felst að gengið er út frá eigin gildum og viðmiðum sem þeim einu réttu.

Þróunarhugmyndir tóku við af útskýringum um uppruna manneskjunnar og byggðust á mjög ólíkum forsendum. Um miðja 19. öld setti Charles Darwin



Bók Charles Darwins *The Origin of the Species* kom fyrst út árið 1859.

fram þróunarkenningu sem fjallaði um líffræðilega þróun manneskjunnar en margir aðrir voru á þeim tíma að velta fyrir sér svipuðum hugmyndum. Bók Darwins *Uppruni tegundanna* var gefin út árið 1859 og olli byltingu á heimsmynd fólks. Með margvíslegum afbrigðum þróunarkenninga var í kjölfarið reynt að útskýra félagslega og líffræðilega þróun mannsins. Þegar þróunarkenningin kom fram hurfu deilur einsköpunar- og fjölsköpunarsinna enda breyttust forsendur fyrir umræðum um uppruna mannsins. Samkvæmt henni á maðurinn sér sameiginlegt upphaf en samfélög manna eru á misjöfnu þróunarstigi. Þannig urðu fyrri spurningar og vangaveltur að miklu leyti úreltar. Þróun samfélaga var talin hafa átt sér stað mishratt sem útskýrði fjölbreytileika ólíkra samfélaga í heiminum. Þau voru samkvæmt þessum hugmyndum einfaldlega staðsett á mismunandi stað á mælikvarða þróunar. Mismunandi þættir samfélagsins voru taldir samtengdir að einhverju leyti og þannig voru trúarbrögð, verkmenning og pólitískt skipulag talin þróast samhliða að einhverju leyti. Oft voru hugmyndir þróunarhyggjusinna samofnar þeirri sýn að mennirnir væru að einhverju leyti misþróaðir. Kenningar þróunarsinna drógu þannig iðulega upp tengsl á milli líkamlegs útlits, andlegs atgerfis og menningar tiltekinna einstaklinga með yfirgrípsmiklum alhæfingum um eðli þeirra. Það kemur kannski ekki á óvart að samkvæmt þróunarkenningunni voru evrópsk þjóðfélög þau þróuðustu í heimi og eftir því sem samfélög voru ólíkari þeim því neðar lentu þau á þróunarkvarðanum.

Hugmyndir um samfélög, staðsett á mismunandi stöðum í þróunarsögunni, áttu samhljóm með flokkun fólks í kynþætti sem varð einnig mikilvæg á 19. öld. Til urðu margar flokkanir af því tagi en þær áttu það sameiginlegt að fela í sér einfalda flokkun sem byggðist fyrst og fremst á húðlit. Settar voru fram alhæfingar um einstaklinga sem taldir voru hluti af vissum kynþætti, rétt eins og um einsleitan hóp væri að ræða. Oft var talið að litarhætti fylgdu tiltekin skapgerðar-einkenni, svo sem þunglyndi eða ástríða, sem og mismunandi geta til að framkvæma tiltekna hluti.

Frakkinn Joseph de Gobineau (1816-1882) er oft nefndur upphafsmaður kynþáttahyggju. Hann skipti mönnum í þrjá kynþætti, svartan, gulan og hvítan, og náði þessi þrískipting nokkuð sterkri fótfestu í evrópskum hugmyndum um fjölbreytileika mannsins. Svipuð skipting hafði verið sett fram áður, t.d. af sænska náttúrufræðingnum Carl Linnaeus, sem bjó til flokkunarkerfi fyrir allar lífverur heimsins einni öld fyrr, og einnig má finna vísi að slíkri flokkun í ritum miðaldamanna.

Hafa ber í huga að fordómar gagnvart fólki vegna húðlitar blönduðust staðalmyndum um aðra hópa á þessum tímum. Bandarísk og evrópsk samfélög einkenndust af mikilli stéttaskiptingu og því einnig miklum fordómum í garð fólks af lægri stéttum samfélagsins. Að auki var sú mismunun samofin fordómum gagnvart margvíslegum öðrum hópum eins og fólki frá öðrum heimsálfum en Afríku, einstaklingum af tilteknu þjóðerni (t.d. Írum) og kynjafordómum. Fordómafullar ímyndir beindust því ekki aðeins gegn fólki frá Afríku.

En hvaða áhrif höfðu þessar hugmyndir á sýn Evrópubúa á fólk frá Afríku? Gobineaus gaf til kynna að þeir sem falli í flokkinn „svartur“ hafi litla getu til að hugsa en stjórnist af hvötum og löngunum. Þetta þýðir að allt frumkvæði í Afríku var talið hafa verið tekið af einhverjum utanadkomandi öflum og að fólkíð léti stjórnast af hvötum og löngunum rétt eins og dýr. Rústir fornrar siðmenningar í Afríku urðu samkvæmt slíkum hugmyndum að vera upprunnar frá Evrópubúum á einhvern hátt. Það þótti einfaldlega ekki geta staðist að þjóðernishópar í Afríku sjálfri hefðu skapað þessa merku siðmenningu. Hið sama átti við ef tilteknir hópar innan Afríku þóttu sérlega myndarlegir eða gáfaðir. Samkvæmt hugmyndum þess tíma var skýringin gjarnan sú að þeir hefðu „hvítt“ blóð í sínum æðum. Oft þurftu evrópskir fræðimenn að fara miklar krókaleiðir í röksemdafærslu til þess að reyna að sanna að tiltekið fólk eða byggingar væru komnar frá Evrópubúum. Hugmyndin um að fólk í Afríku gæti ekki haft neitt frumkvæði birtist einnig í því að það var oft skilgreint út frá því sem það var ekki talið hafa. Því var þannig oft lýst sem ólæsu, óklæddu, án raunverulegra heimila, án miðstýrðs stjórnkerfis og án laga og reglna.

Undirstrika má mikilvægi þessara hugmynda í því að réttlæta nýlendukapphlaupið í lok 19. aldar sem fól m.a. í sér yfirtöku lands og annarra auðlinda. Í nýlendunum í Afríku var fólk neytt með margvíslegum hætti til að vinna fyrir hvíta landnema. Innan hugmynda þróunarkenninga og kynþáttahyggju voru Afríkubúar settir skör lægra heldur en Evrópubúar, bæði einstaklingarnir og samfélög þeirra. Orð breska rithöfundarins Rudyard Kiplings í kvæði frá árinu 1899 þar sem hann segir að fólk í nýlendunum væri „byrði hvíta mannsins“ endurspeglar hvernig Evrópubúar töldu að þeir ættu að hafa vit fyrir því. Evrópubúar útskýrðu einnig afskipti sín af Afríku og öðrum nýlendum með því að verið væri að kenna fólkinu hina réttu trú og siðmennta það. Samtímis lýstu þeir hinum ólíku trúarbrögðum Afríkubúa sjálfra sem frumstæðum og villimannslegum. Afríkubúar voru í mörgum tilvikum fluttir til Evrópu á margs konar

sýningar og sýndir sem framandi og furðuleg fyrirbæri. Slíkar sýningar voru oft haldnar í kjölfarið á landvinningum Evrópubúa á vissum stöðum í álfunni og stundum voru sviðsettir bardagar sem almenningur í Evrópu hafði lesið um í fjölmiðlum. Þessar sýningar áttu sér oft stað innan ramma ýmiss konar „furðuverusýninga“ sem voru mjög vinsælar en þar voru til sýnis allir þeir sem þóttu öðruvísi á einhvern hátt, eins og skeggjaðar konur, dvergar og albínóar.

Fræðimenn hafa velt fyrir sér ástæðum þess að ímynd Afríku varð svona neikvæð eins og raun ber vitni. Sumir hafa haldið því fram að ástæðuna megi rekja til þrælahalds á fólki frá Afríku og benda á, máli sínu til stuðnings, að á sama tíma og þrælahald fór að tíðkast komu fram mjög neikvæðar staðalmyndir um fólk og samfélög Afríku. Með slíkum hugmyndum er lögð áhersla á efna-hagslegt og hugmyndafræðilegt mikilvægi þess að búa til einhvers konar ómerkilegri útgáfu af mannum og réttlæta þannig grimmdarlega meðferð á dökkum þrælum. Aðrir fræðimenn hafa lagt áherslu á að fyrir löngu síðan hafi dökkur litur gjarnan verið tengdur við eitthvað neikvætt og þessi neikvæðu gildi yfirferst á fólk með dökkan húðlit með kynnum Evrópu- og Afríkubúa.

Textar íslenskra landafræðibóka á 19. öld endurspeglar vel þann hugmyndaheim að Afríka væri vanþróuð og að fólk í Afríku væri hluti af öðrum kynþætti sem væri mjög ólíkur kynþætti höfundanna. Töluverður fjöldi landafræðibóka var gefinn út á Íslandi á 19. öld og voru margar bókanna endursagnir af sömu erlendu bókinni. Bækurnar voru svo oft endurútgefnar næstu áratugi á eftir og þá einhverjir hlutar bókanna uppfærðir og þannig gengu sömu staðalmyndirnar aftur og aftur. Hér er eingöngu fjallað um tvær landafræðibækur sem út komu á 19. öld en ætla má að þær endurspegli að einhverju leyti ráðandi staðalmyndir um Afríku á þessum tíma.

Bók Gunnlaugs Oddsonar, *Almenn landskipunarfræði*, kom út árið 1821 og fjallar ítarlega um Afríku. Þar segir í texta að álfan sé „kynjaland“ vegna þess að þar sé margt undarlegt og frábrugðið. Íbúar eru flokkaðir undir litaheitum og textinn felur í sér margorðar útlitslýsingar á fólki út frá stöðluðu sjónarhorni kynþáttahyggju. Reynt er að flokka íbúana í undirhópa sem séu annaðhvort einhvers konar undirtegundir „blökkumanna“ eða tiltekið á hvern hátt tilgreindur hópur sé ólíkur „blökkumönnum“, einnig út frá stöðluðum einkennum. Lýsingarnar minna á lýsingar á dýrategundum eins og eftirfarandi dæmi sýnir: „Innbúar þessara lands eða hinir svokallaðir Kaffar eru taldir á meðal Blökkumannabjóða, en eru þó í mörgu þeim ólíkir, því hvergi eru þeir svo blakkir á hörundið, flatnefjaðir, nasaflattir, varabykkir, frammyntir, né svo ullar- og hrokkinhærðir sem



Teikning frá árinu 1849 sem sýnir illa meðferð þræla.

eiginlegir Negrar“ (bls. 276). Í þessum útlitslýsingum er yfirhöfuð ekki hægt að sjá að það fyrirfinnst einstaklingar innan álfunnar en jafnframt er brugðið samhliða upp mynd af álfunni sem framandi og spennandi.

Í landafræðibók eftir Benedikt Gröndal, sem ber heitið *Landafræði löguð eptir landafræði Erslevs og saminn eptir ýmsum öðrum bókum* (1882), sjáum við einnig nákvæmar lýsingar á skiptingu manna í flokka. Í bók Benedikts er flokkun manna sett fram með vísindalegri hætti en í bók séra Gunnlaugs undir kafla sem nefndur er „mannfræði“. Þar er fólk flokkað eftir líkðum þess og tungumálum undir nöfnum eins og indóevrópear, semítar, negrar og hottintottar. Benedikt fjallar einnig stuttlega um flokkun eftir menntunarstigi. Umfjöllun Benedikts um íbúa álfunnar hefur formfast og vísindalegt yfirbragð þar sem kynþáttafordómar eru að einhverju marki faldir á bak við nákvæma flokkun og tilvísun í erlenda fræðimenn. Textinn er einnig oft skreyttur gildishlöðnum alhæfingum. Slíkt má t.d. sjá í setningum eins og að fellatar séu gáfumestir í „negraflokkinum“ og að búskmenn séu „manna auðvirdislegastir“. Eins og hér má sjá er alhæft um stóra hópa manna með einföldum lýsingarorðum. Báðar þessar bækur endurspeglar hvernig fólki í Afríku var lýst sem framandi og furðulegu og sérstaklega dregið fram að það væri mjög frábrugðið Evrópumönnum. Bækurnar eru nokkuð ólíkar hvað varðar framsetningu því að í bók Benedikts er lögð mun meiri áhersla á vísindalega framsetningu upplýsinga. Líklegt má telja að það sé vegna mismunandi ritunartíma bókanna en bók Benedikts er skrifuð þegar þróunarhyggja hefur fest sig vel í sessi sem ráðandi hugmyndafræði.

Það eru þó bækur sem fela í sér aðra sýn á Afríku en sú sem lýst er hér á undan. Bók Þorvaldar Thoroddsens, *Landfræðisaga Íslands: Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar* (1898), fjallar um Ísland en ekki Afríku eins og nafnið gefur til kynna. Hún er áhugaverð vegna þess að hún leggur áherslu á ákveðna samsvörun í ímynd Afríku annars vegar og Íslands hins vegar sem verður ekki vart í öðrum bókum frá sama tíma. Þorvaldur fjallar um umfjöllun erlendra bóka um Ísland og bendir á að til séu dæmi um að heilum ferðasögum hafi verið logið um Afríku og önnur fjarlæg lönd eins og gert hafi verið um Ísland. Annað dæmi um frávík frá þeim staðalmyndum, sem hér hafa verið nefndar, má nefna *Kennslubók í Sagna Fræðinni fyrir Viðvanninga*, samansetta af prófessor Galletti, gefin út töluvert á undan þeim bókum sem hér hefur verið fjallað um eða í byrjun aldarinnar, árið 1804. Bókin er útlögð af Jóni Espólín en hann og Magnús Stephensen skrifa formála bókunnar. Í texta ritsins er mismunur milli „manneskja“ útskýrður með „turnbyggingunni í Babýlon“ en jafnframt sagt að Grikkir, sem urðu „læri-meistarar annara Norðurálfubúa“, hafi verið fyrrum „mjög ósiðuð og villt þjóð, sem lifði á rótum, jurtum, akarni og huldi sig með húðum og skinni. Útlendir menn frá Asíu og Afríku, útbreiddu konstir, lærdóma og guðadýrkun á milli þeirra“ (bls. 17). Hér virðist því litið svo á að siðmenning hafi sprottið frá Afríku og Asíu sem er gjörólíkt þeim viðhorfum sem urðu ráðandi síðar á öldinni.

Í gagnrýni á námsbækur 19. aldar má hafa tvennt í huga. Þrátt fyrir að margt í textunum virki mjög fordómafullt nú á dögum eru þessar bækur í samræmi við viðhorf sem birtust í öðrum miðlum, svo sem í tímaritum og myndum. Þær endurspeglu þau viðhorf sem voru almennt talin rétt og eðlileg í Evrópu á þessum tíma og fjallað var um fyrr í þessum kafla. Í þeim er leitast við að kynna fyrir Íslendingum þá þekkingu sem Evrópubúar töldu sig hafa yfir að ráða á þeim tíma. Í þeim kemur skýrt fram hversu mikilvæg þróunarhyggjan og kynþáttahyggjan voru á þessum tíma til að útskýra heiminn og tengsl fólks í ólíkum heimshlutum, samhliða því að þær voru notaðar til að afmarka Evrópubúa frá öðru fólki í heiminum.

Í öðru lagi ber að leggja áherslu á að engu að síður voru textarnir og sú heimsmynd, sem birtist í bókunum, fordómafull í garð fólks frá Afríku og þjóðfélaga þeirra. Eins og hugtakið fordómar gefur til kynna vísar það til þess að hlutir eru dæmdir fyrir fram. Þessar bækur, sem fjallað hefur verið um, voru byggðar á einfaldri flokkun fólks sem tók mið af litarhætti og í þeim voru settar fram grófar alhæfingar um getu fólks og einstaklingseðli út frá því í hvaða flokki það var.

Furðuverur framandi heima

Tilvísun Hauksbókar til Afríku byggist á úrvinnslu erlends texta eftir fræðimanninn Ísidor frá Sevilla sem fæddist árið 560. Í riti Ísidors frá Sevilla er einnig fjallað um slíkar furðuverur. Í einum kafla Hauksbókar er sú umfjöllun tekin upp í kafla sem heitir „margháttar þjóðir“. Þar segir t.d. frá einfætlingum sem hafa „svo mikinn fót við jörð að þeir skyggja sér í svefni við sólu. Þeir eru svo skjótir sem dýr og hlaupa við stöng“. Um Afríku er sagt að: „Sú þjóð er í Afríku sem eigi sakar ormaeitur, og börn í vöggu leika sér með eiturormum“ (sjá Heimskringlu 1991, bls. 77). Samkvæmt Hauksbók má einnig finna höfuðlausa þjóð í Afríku: „Þeir eru enn þar [í Afríku] sem höfuðlausir eru en á bringunni er bæði munnur og augu, sumir höfuðlausir þá er munnurinn ofan á búknum en augu á herðablöðum og er hár sem á dýrum“. Einnig má finna stutta tilvísun til pygmea sem þó eru í textanum ekki staðsettir sérstaklega í Afríku, frekar en algengt var í öðrum evrópskum ritum miðalda. Þar segir: „þar eru konur þær er börn ala fimm vetra gamlar og lifir engi um átta vetur“ (Heimskringla 1991, bls. 77).

Bæði höfuðlausar þjóðir og pygmear voru mjög algengir í ritum miðalda sem fjölluðu um furðuþjóðir alls konar. Þegar Hauksbók var skrifuð var kynþáttahyggja ekki jafn fastmótud og síðar varð. Sagnaritarar miðalda bæði á Íslandi og erlendis vísuðu vissulega til dökks litarafts en tengdu það ekki markvisst við vissa hegðun eða gáfu því jafn neikvæð gildi eins og einkenni kynþáttahyggjuna seinna meir. Einnig má benda á að þrátt fyrir að í frásögnum eins og Hauksbók sé dregin upp mynd af Afríku sem stað furðuvera er þó álfan sem slík hluti af heimsmynd kristinna manna. Í henni er lögð áhersla á að fólk í Afríku og Evrópu séu þátttakendur í heimsmynd Biblíunnar.

Talið var að evrópsk menning og samfélög væru æðri hinum afrísku. Jafnframt gefa þær til kynna vanþekkingu á því hve afrísk samfélög voru fjölbreytileg og samfélagsskipan þeirra flókin.

Ímynd Afríku í samtímanum

Hugtakið hnattvæðing vísar m.a. til aukins flæðis fólks og afurða milli ólíkra staða í heiminum á síðustu áratugum. Samhliða aukinni tengingu ólíkra heimshluta hefur flæði ímynda aukist og orðið flóknara. Nígeríubúar horfa á ind-

verskar sápuóperur og Íslendingar lesa nígerískar heimsbókmenntir svo að dæmi séu tekin.

Flæði ímynda í samtímanum er ólíkt fortíðinni að því leyti að það felur í sér ákveðna samþjöppun tíma og rýmis. Þannig birtast ímyndir á sama andartaki á ólíkum stöðum í heiminum, t.d. í gegnum sjónvarp og veraldarvefinn. Fólk víðs vegar um heim gat t.d. fylgst með í beinni útsendingu falli tvíburaturnanna í Bandaríkjunum hinn 11. september 2001. Magn ímynda er einnig meira en áður, t.d. hafa auglýsingar, veraldarvefurinn og margs konar miðlar fengið vaxandi vægi í daglegu lífi fólks. Þetta gerir að verkum að erfiðara verður að kortleggja ímyndir. Þær eru ekki staðbundnar og þær eru ekki endilega að uppruna frá einum tilteknum stað eða einum tíma heldur umbreytast og taka á sig margar birtingarmyndir í ólíkum miðlum á ólíkum tímum. Hér má búa til hálfímyndað dæmi til að sýna fram á hvernig ímyndir geta verið endurnýttar á margvíslegan hátt í samfélaginu. Tökum sem dæmi landkönnuð sem skrifar um vígsluathöfn tiltekins þjóðernishóps í Afríku. Landkönnuðurinn hefur verið vitni að athöfninni að hluta til en skilur hana út frá viðurkenndum hugmyndum síns tíma um fólk í þessari heimsálfu. Textinn gæti svo verið tekinn upp í bók sem er skrifuð síðar um vígsluathafnir ólíkra þjóðernishópa í Afríku og enn seinna gæti einhver einstaklingur, sem ferðaðist um álfuna, tekið textann upp og sett á heimasíðu sína vegna þess að hann langaði til að leggja fram nánari upplýsingar um þá staði sem hann hefur heimsótt. Hann veit í sjálfu sér ekkert um hvort þessi tiltekna athöfn sé enn við lýði en finnst áhugavert að birta hana til að veita upplýsingar um fólkið. Þessi lýsing á vígsluathöfninni gæti svo verið endurskrifuð og henni skeytt inn í auglýsingu um ævintýraferð til viðkomandi lands. Kannski er lýsingin af vígsluathöfninni síðan notuð af framleiðanda teiknimynda þar sem ímynduð frásögn á að hluta til að gerast í Afríku. Í slíku samhengi gæti vígsluathöfnin staðið sem birtingarmynd vígsluathafna í allri álfunni.

Ímyndir Afríku birtast augljóslega víða í íslenskum samtíma. Dagblöð og tímarit birta greinar eða fréttir þar sem minnst er á Afríku. Í skáldsögum, teiknimyndasögum og ferðabókum eru oft frásagnir sem tengjast Afríku á einn eða annan hátt. Hið sama má segja um fjölmörg. Fyrir jólin leita margar hjálparstofnanir eftir fjárframlögum og birta þá gjarnan myndir af vannærðum, afrískum börnum í bæklingum sínum eða á söfnunarbaukum. Ferðaskrifstofur birta auglýsingar um ferðir til álfunnar. Hér er augljóslega um að ræða mjög fjölbreytt efni af mismunandi gerð og lengd og birt í ólíkum tilgangi. Hér

verður fjallað um þrjú dæmi um ímyndir Afríku á Íslandi sem birtast á ólíkum vettvangi. Fyrst verður fjallað um ímyndir Afríku í tveimur teiknimyndasögum, (þ.e. þýtt, myndrænt afþreyingarefni sem er ætlað fyrir börn og unglinga). Þá verða ímyndir Afríku í skólabókum samtímans skoðaðar og að lokum umræður í dagblöðum.

Áður en lengra er haldið mætti rifja upp hvað einkenndi ímyndir Afríku fyrr á öldum. Í fyrsta lagi var lögð áhersla á kynþáttahyggju en í henni var megináhersla á litarhátt. Jafnframt var tilhneiging til að taka ekki mið af einstaklingum og persónuleika þeirra og hæfni heldur horfa á tiltekin, stöðluð útlits-einkenni og skapgerð sem átti að vera einkennandi fyrir alla einstaklinga hópsins. Í öðru lagi var lögð áhersla á þróunarhyggju, þ.e. að fólk í Afríku hafi verið vanþróað og samfélög þeirra staðið samfélögum Evrópubúa að baki á einhvern hátt.

Til skamms tíma voru allar teiknimyndasögur, sem gefnar voru út hér á landi, þýddar úr erlendum málum. Bækurnar, sem fjallað verður um hér, eru þýddar og því ekki íslenskar í eiginlegum skilningi. Engu að síður er erfitt að líta fram hjá því að þýtt efni hefur rétt eins og íslenskt efni stuðlað að mótun ímyndar Afríku á Íslandi. Það getur hafa verið lesið víða og af mörgum ólíkum kynslóðum eins og í þessu tilfalli. Bókin *Tempó Tabú* var gefin út á frönsku árið 1974 og á íslensku árið 1978 og er því nokkuð komin til ára sinna. Hún er þó fánleg á bókasöfnunum víða um land og einnig lifa aðalsöguhetjurnar góðu lífi á síðum Morgunblaðsins sem hefur birt teiknimyndasögu um Litla-Sval. Þetta eru stuttar sögur í hálfgerðu skrifluformi og má líta á þær sem anga af teiknimyndasögum um fullorðinn mann sem heitir Svalur og vin hans Val.

Afríka kemur fyrir í nokkrum bókanna um Sval og Val, m.a. í bókinni *Tempó Tabú*. Hún segir frá heimsókn þeirra félagas Svals og Vals til ónefnds ríkis í Afríku þar sem bleikir fílar hræða innfæddan þjóðernishóp. Í textanum segir eingöngu að þeir séu „innst inni í myrkviðum Afríku“ eins og til að draga fram framandleika og hættur álfunnar. Svalur og Valur eru í sögunni í hlutverki landkönnuða sem minnir nokkuð á hversu vinsælar sögur af landkönnuðum hafa verið meðal Vesturlandabúa um langt skeið. Heimamenn í þessu ónefnda Afríkuríki eru allir dvergvaxnir og mjög dökkir. Þeir eru teiknaðir með áherslu á viss atriði sem eru mjög algeng í teiknimyndabókum þar sem neðri hluti andlitsins er hafður framstæður, þykkt vara ýkt og augun gerð stór og kringlótt. Þeir líta auk þess allir nákvæmlega eins út og eingöngu er hægt að þekkja ólíka einstaklinga á litnum á lendarklæðinu. Það virðast hvorki vera konur né börn meðal þeirra og karl-


mennirnir sjálfir eru barnslegir og saklausir sem endurspeglast m.a. í því að þeir þekkja ekki verðgildi hluta eins og demanta. Það eru auðvitað Valur og Svalur sem koma upp um leyndarmálið um bleiku fíflana og vernda heimamenn fyrir öðrum vondum, hvítum mönnum. Heimamenn birtast þannig í bókinni sem lítil börn sem þurfa á vernd að halda. Samfélag þeirra er gert frumstætt og einfalt og það mætti halda að það standi utan við umheiminn.

Tinnabækurnar voru flestar hverjar skrifaðar fyrir nokkuð löngu síðan. Verið er að hefja endurútgáfu á nokkrum Tinnabókum en þær eru, rétt eins og bækurnar um Sval og Val, fánlegar á bókasöfnum víða um land. Ætla má þó að bækurnar um Tinna eigi sér breiðari lesendahóp því að þær höfðu bæði til barna og fullorðinna. Bókin *Tinni í Kongó* var endurútgefin á íslensku árið 1993 og fjallar, eins og titillinn ber með sér, um heimsókn Tinna og hundsins hans Tobba til Kongós sem var belgísk nýlenda þegar bókin var skrifuð. Tinnabækurnar eru láttnar gerast víða um heim og vann Hergé, höfundur bókanna, töluverða undirbúningsvinnu til að segja sem réttast frá stöðum sem hann hafði líklegast sjálfur aldrei komið til. Sagan um Tinna í Kongó ber þess þó ekki vitni að höfundur hafi kynnt sér líf fólks í Kongó sem gæti stafað af því að hún er meðal elstu Tinnabókanna. Rétt eins og í sögunni um Sval og Val er Tinni látinn hafa mikla vitsmunalega yfirburði yfir íbúana. Þegar lest, sem Tinni er farþegi í, fer út af sporinu veit enginn hvað á að gera nema auðvitað Tinni og hundurinn Tobbi virðist meira að segja búa yfir meira frumkvæði og áræðni heldur en dökku teiknimyndasígururnar. Eini Kongóbúinn, sem virðist mótmæla veru Tinna í Kongó, er töframaðurinn Múggi sem má líta á sem fulltrúa hins illa í afrísku þjóðfélagi. Töframenn voru í ritum Evrópubúa gjarnan táknmynd þess hefðbundna og því illra afla. Eiginlegu illmennin eru svo, rétt eins og í bókinni um Sval og Val, hvítir menn sem hafa ýmsar ráðagerðir á þrjónunum. Það er forvitnilegt að skoða hvernig Kongóbúar eru teiknaðir í bókinni því að þrátt fyrir að myndirnar séu ólíkar myndunum í *Tempó Tabú* má þó sjá að lögd er áhersla á svipuð atriði, þ.e. mjög dökkan húðlit, þykkar varir og stór, kringlótt augu. Afríska fólkið er teiknað þannig að það virðist eiga að koma hlægilega út og út frá mjög stöðluðum einkennum. Það má vissulega segja sem svo að teiknimyndasögur byggist í sjálfu sér oft á teikningum þar sem tiltekin persónueinkenni eru dregin fram og skrumskæld. Oftast má t.d. sjá hverjir eiga að vera illmennin í sögunum út frá andlitsdráttum viðkomandi. Teikningar flestra teiknimyndasagna eru þannig eins konar skopteikningar. Tinni

sjálfur samsvarar sér þó vel, gengur beinn í baki, ákveðinn og röskur. Í þessum tveimur bókum er mikill munur á einstaklingum sem eru með hvítan og dökkan húðlit. Þeir sem hafa hvítan húðlit hafa ýkt persónueinkenni á meðan þeir sem eru dökkir eru oftast nær með sama andlitid, einfaldlega misstórir eða feitir. Þannig er lögð áhersla á einstaklingsæðli Evrópubúa en Afríkubúum lýst sem einum samfelldum hóp.

Skólabækur eru sérlega áhugaverður vettvangur til að skoða ímyndir tiltekinna hópa því að þær eru augljóslega mikið lesnar. Forvitnilegt er að velta fyrir sér ímyndum Afríku í námsbókum sem eru notaðar í grunnskólum landsins í dag og skoða hvort bækurnar séu á einhvern hátt líkar landafræðibókum 19. aldar. Nú falla þær bækur, sem áður hétu landafræðibækur, undir samfélagsfræði og nokkuð erfitt er að alhæfa um hvaða bækur eru notaðar í skólanum á hverjum tíma þar sem notkun skólabóka er mismunandi eftir kennurum og skólum.

Í rannsókn, sem ég gerði á ímyndum Afríku í námsbókum, skoðaði ég bæði eldri og nýrri bækur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að bækurnar í heild voru á margan hátt mjög ólíkar eldri bókum þó það fyrirfyndust tiltekin atriði sem væru ekki svo ósvipuð. Í nýrri bókum er gjarnan lögð áhersla á samfélög safnara og veiðimanna, hirðingja og akuryrkjufólks í Afríku. Í umfjöllun bókanna er gefið til kynna að þessi samfélög séu í litlu sambandi við umheiminn og fólkið lifi eins og forfeður þeirra og formæður gerðu fyrir löngu síðan en þar kemur fram endurómur af þróunarhyggju 19. aldar. Raunveruleikinn er hins vegar sá að flest samfélög Afríku hafa verið undir miklum áhrifum frá stefnumiðum ríkisvaldsins hvað varðar þætti eins og landréttindi, nýtingu auðlinda, ferðamannaíðnað o.fl. Sú áhersla, sem lögð er á samfélög safnara



Tinni í Kongó fjallar um heimsókn Tinna til Alþýðulýðveldisins Kongós sem var belgísk nýlenda þegar bókin var skrifuð.

og hirðingja, virðist einnig hafa verið á kostnað þess að skoða borgarsamfélög í Afríku en umfjöllun um líf í borgum er hlutfallslega nokkuð lítil í námsbókum í dag ef miðað er við þann fjölda fólks sem býr í borgum. Í skólabókunum er oftast gerð grein fyrir samfélögum safnara og veiðimanna, hirðingja og akuryrkjufólks á jákvæðan hátt að því leyti að í þeim er lögð áhersla á dugnað fólksins og verkvit og samhliða er tekið fram að samfélög, sem eru ólík okkar samfélögum, séu ekki endilega verri. Engu að síður kemur þar fram einfölduð og stöðluð mynd af Afríku. Í nýrri bókum um landaskipan í Afríku má einnig greina vissa þróunarhyggju þar sem talað er um samfélög álfunnar sem vanþróuð, samhliða því að lögð er áhersla á vesöld og fátækt þeirra. Sumar myndirnar sýna hvítt fólk að hjálpa svörtu fólki sem getur gefið til kynna að Afríkubúar séu ekki duglegir að bjarga sér sjálfir. Umfjöllun um fátækt í Afríku, þrátt fyrir að hún sé mikilvæg, getur brugðið upp þeirri mynd að ekkert annað fyrirfinnst í álfunni en hungur og eynd.

Árið 2003 var gefin út námsbók sem fjallar sérstaklega um Afríku og nefnist *Er til líf í Afríku?* Eins og nokkuð algengt er með íslenskar námsbækur er hún þýdd úr sænsku og uppfærð af íslenskum þýðanda. Þessi bók er áhugaverð fyrir þær sakir að í henni er eingöngu fjallað um Afríku og í henni má finna nálgun sem er mjög ólík umfjöllun námsbóka sem voru gefnar út fyrir nokkrum áratugum síðan. Hver kafli er settur fram í formi spurninga um hluti sem höfundur hennar hefur trúlega ímyndað sér að krakkar hefðu áhuga á að vita. Höfundur segir í upphafi bókarinnar að hann hafi langað til að skrifa bók sem væri ekki um eynd og hungur í Afríku heldur sýndi fjölbreytileika álfunnar. Hann er hér að vísa í þá staðreynd að fjölmiðlar flytja einsleitir fréttir um hungursneyð, stríð og þurrka í Afríku. Hver kafli svarar einni spurningu, eins og fyrr var sagt, sem gerir efni hennar lifandi og fjölbreytt. Í bókinni er m.a. fjallað um forn menningarsamfélög Afríku og brugðið upp áhugaverðri og skemmtilegri sýn á sögu álfunnar og jafnframt er lýst lífi fólks í stórborgum. Þar er einnig að finna stuttar frásagnir af einstaklingum sem stuðla að því að skapa ímynd af fólki í Afríku sem einstaklingum með ólíkt lífshlaup og ólíka sögu. Að lokum má bera saman myndir bókarinnar *Er til líf í Afríku?* við myndir teiknimyndasagna sem minnst var á fyrr, en myndir bókarinnar eru allar vatnslitamyndir eftir sama listamanninn. Að sumu leyti skapar það ákveðna einsleitni í yfirbragði fólksins en myndirnar sjálfar endurspeglar engu að síður fjölbreytni mannlífs í álfunni. Þar er lýst fólki með ólíka húðtóna, fólki á fjölbreytilegum aldri og af báðum kynjum.

Á síðastliðnum árum hafa fleiri bækur komið út sem vísa til Afríku, svo sem þemahefti í stærðfræði frá árinu 2002 sem ber nafnið *Dýr í Afríku* og er eftir Guðbjörgu Pálsdóttur. Í bókinni eru stærðfræðiþrautir settar fram á skemmtilegan hátt og á sama tíma kynnt líf afrískra dýra. Verkefnið eru sniðug og hugmyndarík og þau sameina kennslu í stærðfræði, notkun hennar og margvíslegan fróðleik um dýr í Afríku.

Eitt einkenni á fréttum á Íslandi er hversu fáar fréttir birtast um Afríku, þessa fjölbreyttu álfu. Þetta atriði einkennir einnig umfjöllun fjölmiðla í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum og hafa fræðimenn bent á að furðulegt megi teljast hversu lítið rými þessi stóra heimsálfa fær í frétttaflutningi hnattvædds heims. Erlendir fræðimenn hafa jafnframt bent á að hætt sé við því að ímyndir Afríku í fjölmiðlum einkennist af fordómum og einsleitri sýn á fólkið í álfunni. Þessir fordómar eru mjög keimlíkir þeim fordómum sem fjallað var um hér að framan í tengslum við aðra miðla og má líta á sem einhvers konar leifar frá hugsunarhætti nýlendutímans.

Fræðikonan Beverly G. Hawk hefur bent á að umræðan um Afríku í fjölmiðlum einkennist af fyrirsögnum sem vísa til margs konar neyðarástands, hungursneyðar, stjórnarbyltingar eða stríðs. Þessar fyrirsagnir hverfa svo fljótlega af síðum blaðanna og landið sjálft hverfur úr kastljósi fjölmiðla þar til neyðarástand kemur upp aftur. Einnig hefur verið bent á að fréttir af hungursneyð í álfunni eru að einhverju leyti auðmelt efni því að þær snúa að afmörkuðum, svæðisbundnum



Í fjölmiðlum eru myndir frá „ævintýralandinu“ Afríku af framandi helgiathöfnum og dansi vinsælar. Wúdabear í Níger eru hirðingjar sem vekja athygli fyrir búninga sína og dansa en daglegar aðstæður þeirra fá minni umfjöllun.

Ljós.: Kristín Loftsdóttir

atburðum og eru oft kryddaðar með frásögnum af valdamiklum stjórnámálum eða rokkstjörnum sem heimsækja flóttamannabúðir eða tjá sig á einhvern hátt um hörmungarnar. Í mörgum fréttum af hungursneyð í Afríku er einnig einblínt á vestræna, hvíta hjálparstarfsmenn að deila út matvælum eða læknishjálpi til dökkra, vannærðra Afríkubúa. Þessi tilhneiging í fréttalutningi leiðir til þess að oft vantar nákvæma umfjöllun um orsakir og pólitískt umhverfi og jafnframt fá lesendur enga samfellu í fréttalutningi frá viðkomandi landi eða svæði. Hvort tveggja kemur í veg fyrir að almenningur geti skilið flóknar aðstæður að baki atburða í tilteknu landi. Sú tilfinning stendur eftir að Afríka sé heimsálfa ringulreiðar þar sem stöðugleiki sé enginn.

Bosah Ebo hefur bent á að tengiliðir fjölmiðlanna erlendis komi einnig sínum fréttum frekar að ef í þeim er sagt frá undantekningum eða einhverju furðulegu. Fréttamanninum hættir því til að leggja áherslu á fréttir sem fela í sér einhvers konar hörmungar eða þykja furðulegar á Vesturlöndum vegna þess að þær eru líklegar til þess að vera notaðar eða fá almenna útbreiðslu. Þetta skapar brenglaða mynd af ástandi Afríku í heild í fjölmiðlum.

Taka má umfjöllun Morgunblaðsins um átökin í Rúanda á níunda áratugnum sem dæmi um ímynd Afríku í fréttum. Skoðaðar voru 103 greinar þar sem fjallað var um átökin í gagnasafni Morgunblaðsins (www.mbl.is) á tímabilinu apríl til júlí 1994. Hér þarf augljóslega að hafa í huga að stór hluti fréttanna er þýddur og staðfærður en ekki skrifaður af íslenskum fréttamönnum. Engu að síður er hér um að ræða áhugaverðan vettvang birtingarmynda álfunnar og einnig má hafa í huga að íslenskir fréttamenn og fréttastjórar hljóta að velja það efni sem þeim þykir frétt næmt, hvar það birtist í blaðinu og undir hvaða formerkjum. Flestar fréttanna af átökunum eru frekar stuttar. Þegar rennt er yfir þær kemur einnig í ljós að þar er að verulegu leyti fjallað um mögulega aðstoð eða íhlutun Evrópumanna og minnst er á átökin sjálf í nokkru framhjálaupi. Í mörgum fréttanna er þannig í raun frekar fjallað um ástæður og vandkvæði slíkrar íhlutunar heldur en um eðli eða orsakir atakanna sjálfra sem oftast eru afgreidd með nokkrum setningum. Þá áherslu, sem lögð er á hversu margir hvítir menn týndu lífi í tilteknum atburðum í Afríku í stað umfjöllunar um fólk óháð litarhætti, má sjá mun víðar í fréttum um álfuna, t.d. í umfjöllun fréttu um Zimbabve og morð á hvítum bændum fyrir nokkrum árum síðan.

Eins og fyrr segir er í flestum fréttanna um umrædd átök ekki fjallað mjög ítarlega um ástæður eða samhengi þessara atburða. Fræðimenn hafa bent á að til-

hneiging sé til þess að líta fram hjá sögu Afríku í umfjöllun um átök og átökin séu stundum útskýrð á einfaldan hátt sem átök milli þjóðernishópa. Myndun þjóðernishópa í Afríku er þannig slitin úr samhengi en hún er samofin flókinni sögu álfunnar. Í Morgunblaðinu var einnig talað um átökin í Rúanda sem ættbálkaátök en í fréttunum almennt koma orðin ættbálkur og ættbálkaátök mikið fyrir. Hér er líklega um að ræða þýðingu á enska orðinu *tribe* sem er mikið notað í alþjóðlegum fréttatitlingum í tengslum við Afríku og önnur framandi samfélög. Undirstrika má að hugtakið *tribe* hefur enga eiginlega merkingu heldur hefur það verið notað á svipaðan hátt og hugtökin þjóðernishópur eða þjóðarbrot annars staðar. Í mörgum fréttanna virðist orðið ættbálkur vera notað til að útskýra orsök atakanna. Beverly G. Hawk bendir einmitt á að lögd er áhersla á litarhátt Afríkubúa þegar átök eru útskýrð með tilvísun til átaka milli „svartra og svartra“ og flóknum átökum einfaldlega lýst sem átökum mismunandi ættflokka. Til samanburðar má nefna að ólíklegt væri að vísuð væri til átaka á Írlandi sem átaka hvítra og hvítra eða sem átaka ólíkra þjóðernishópa.

Ef við skoðum birtingarmyndir Vesturlandabúa og Afríkubúa í fréttum eru Afríkubúar sem einstaklingar næstum ósýnilegir. Vesturlandabúar eru í flestum tilfellum viðmælendur fréttamanna, jafnframt því að fulltrúar Vesturlanda eru taldir mikilvægir gerendur í því að koma á friði. Rúandamönnum er t.d. annaðhvort lýst sem varnarlausum fórnarlömbum eða blóðþyrstum slátrurum. Afríka birtist þannig sem „vandamál“ og einstaklingar, sem búa í álfunni, sjást óljóst í bakgrunni en



Uda, sem er ungur wúdabei, hefur klætt sig upp í búning til að sýna ferðamönnum dans í Níamey, Níger. Ljós.: Kristín Loftsdóttir

ekki sem gerendur í því að leysa vandamálin. Það er þó einföldun að segja að allar fréttir um Afríku séu neikvæðar eða byggðar á fordómafullum staðalmyndum um álfuna. Margar fréttir eru vandaðar og byggðar á nákvæmri rannsóknarvinnu.

Þrátt fyrir að gagnrýna megi síendurteknar hamfarafréttir um álfuna má einnig á sama tíma undirstrika að fréttum af fátækt og hungri er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um ólík kjör fólks í heiminum og upplýsa um kjör þeirra sem hafa það verst. Sem slíkar geta fréttir af þeim toga því þjónað mikilvægum tilgangi.

Vinna gegn fordómum

Umfjöllun um ímyndir Afríku á Íslandi vísar að mörgu leyti ekki til Afríku heldur lýsir fyrst og fremst hugmyndum annarra um Afríku. Oft eru þessar hugmyndir byggðar á eldri ímynd álfunnar og endurspegla fjölbreytileika hennar ekki sérstaklega vel. Áhugavert er að skoða ímyndir samtímans í samhengi við kynþátta- og þróunarhyggju 19. aldar þar sem lagður var ákveðinn grunnur að skilningi á heimsálfunni Afríku og íbúum hennar. Slíkar hugmyndir virðast að einhverju leyti vera settar fram aftur og aftur eins og við sjáum við skoðun á ólíkum miðlum, svo sem námsbókum og dagblöðum. Mikilvægt er að leggja áherslu á að ímyndirnar eru fjölbreytilegar og birtast á margþættum vettvangi.

Fólki af afrískum uppruna hefur fjölgað á Íslandi og tekur það virkan þátt í að kynna margbreytileika álfunnar á íslenskum vettvangi. Það hefur sýnt sig að þeir ólíku einstaklingar, sem flytjast til Íslands frá Afríku, eru almennt virkir í samfélaginu, læra tungumálið og taka þátt í frumkvöðlastarfi. Þátttaka þessa fjölbreytta hóps frá ólíkum þjóðlöndum, þjóðernishópum og stéttum í íslensku samfélagi verður vonandi til þess að vinna á móti fordómum og auðga ímyndir álfunnar hér á landi.

Heimildir

Á íslensku:

Árni Magnússon (1945). *Ferðasaga Árna Magnússonar frá Geitastekki 1753-1797*.

Reykjavík: Bókaútgáfan Heimdallur.

Hauksbók (1829-96). København: Det Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab.

Heimskringla III, Lykilbók (1991). Ritstj. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson,

Jón Torfason og Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jóhann M. Hauksson (1999). *Kynþáttabyggja*. Reykjavík: Mál og menning.

- Jón Ólafsson (1908). *Æfisaga Jóns Ólafssonar Indíafara*. Kaupmannahöfn: Hið Íslenska Bókmenntafélag.
- Kristín Loftsdóttir (2004). „Ég er ekki með kynþáttafordóma en ...“. Hugtakið kynþáttur og íslenskt samfélag. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V. Félagsvísindadeild* (bls. 575-585). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- (2005a). Menntaðar og villtar þjóðir: Afríka í texta íslenskra námsbóka. *Uppeldi og Menntun*, 14(1), 71-101.
- (2005b). Bláir menn og eykonan Ísland. 2005. *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar*, 2, 21-45.
- (2006). Þriðji sonur Nóa: Íslenskar ímyndir Afríku á miðöldum. *Saga, Tímarit Sögufélagsins*, XLIV(1), 123-151.
- Sverrir Jakobsson (2001). Útlendingar á Íslandi á miðöldum. *Andvari, nýr flokkur XLIII*, 126. árgangur, 36-51.
- Unnur B. Karlsdóttir (1998). *Mannkynsbætur: Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, Háskólaútgáfan.

Á ensku:

- Curtin, Philip D. (1964). *The Image of Africa: British Ideas and Action 1780-1850*. Madison: University of Wisconsin Press.
- Franey, Laura E. (2003). *Victorian Travel Writing and Imperial Violence: British Writing on Africa, 1855-1902*. London and New York: Palgrave Macmillan.
- Hagos, Asgede (2000). *Hardened Images: The Western Media and the Marginalization of Africa*. Trenton NJ: Africa World Press.
- Hawk, Beverly G. (ritstj.) (1992). *Africa's Media Image*. Westport: Praeger Publishers.
- Mengara, Daniel. M. (ritstj.) (2001). *Images of Africa: Stereotypes and Realities*. Trenton NJ: Africa World Press.
- Miller, Christopher L. (1985). *Blank Darkness: Africanist Discourse in French*. Chicago og London: The University of Chicago Press.
- Mudimbe, Valentine Y. (1994). *The Idea of Africa*. Bloomington: Indiana University Press.
- Ngugi, Wa Thiongo (1981). *Decolonizing the Mind: The Politics of Language in African Literature*. London: James Currey.
- Palmberg, Mai (ritstj.) (2001). *Encounter Images in the Meetings between Africa and Europe*. Uppsala: Nordiska Afrikainstitutet.
- Rigby, Peter (1996). *African Images: Racism and the End of Anthropology*. Oxford og Washington: Berg.